


Ísafjarðarbær
b.t. Guðmundur Gunnarsson
Stjórnsýsluhúsið
400 Ísafjörður



Efni: Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga


Samkvæmt lögum um nr. 44/1998 um húsnæðismál hefur Íbúðalánasjóður m.a. það hlutverk að halda utan um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga og vera sveitarfélögunum til ráðgjafar við gerð þeirra. Á næstu vikum munu starfsmenn Íbúðalánasjóðs hafa samband við öll sveitarfélög á landinu og kanna hver staðan er á gerð húsnæðisáætlana í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ljóst er að sveitarfélögin eru misjafnlega langt á veg kominn í þeirri vinnu og vill Íbúðalánasjóður hvetja þau sveitarfélög sem ekki hafa ráðist í gerð húsnæðisáætlunar að hefjast handa sem allra fyrst. Íbúðalánasjóður mun veita sveitarfélögunum ráðgjöf og aðstoð við gerð húsnæðisáætlana eftir þörfum.

Þann 21. desember síðastliðinn tók gildi reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.¹ Reglugerðin er sett í framhaldi af breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og er þar m.a. kveðið á um að öll sveitarfélög skuli gera húsnæðisáætlun til fjögurra ára í senn og þær skuli uppfærðar árlega með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Þá kemur einnig fram að sveitarfélög skuli skila uppfærðum húsnæðisáætlunum til Íbúðalánasjóðs eigi síðar en 1. mars ár hvert og að fyrstu útgáfu húsnæðisáætlana skuli skilað eigi síðar en 1. mars 2019.

Hlutverk húsnæðisáætlana er að gefa skýra heildarmynd af stöðu húsnæðismála í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir ólíkum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Tengiliður sjóðsins vegna vinnslu við gerð húsnæðisáætlunar er Einar Þorvaldur Eyjólfsson og má nálgast allar frekari upplýsingar í gegnum tölvupóstfangið aaetlun@ils.is.

Virðingarfyllst,



Einar Þorvaldur Eyjólfsson, verkefnisstjóri

¹ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/1248-2018>